
Félagsvísindadeild

Framsækni og fegurð:

Aðdráttarafl íslenskra þjónustu framleiðslufyrirtækja
fyrir erlend kvikmyndaframleiðslufyrirtæki

Ritgerð til BA gráðu

Nafn nemanda: Monika Rögnvaldsdóttir

Leiðbeinandi: Andrea Guðmundsdóttir

Haustönn – 2023



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



Staðfesting á lokaverkefni til BA-gráðu í skapandi greinum

Ritgerð þessi er 14 ECTS eininga lokaverkefni til BA gráðu við Háskólann á Bifröst

Lokaverkefni:

Framsækni og fegurð:

Aðdráttarafl íslenskra þjónustu framleiðslufyrirtækja fyrir erlend
kvikmyndaframleiðslufyrirtæki

Höfundur: Monika Rögnvaldsdóttir

Leiðbeinandi: Andrea Guðmundsdóttir

Ritgerðarskil 5. desember 2023

Verkefnið hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst og
hefur hlotið lokaeinkunnina _____

Stimpill skóla _____ Haustönn 2023

Haust 2023 - Lokaverkefni til BA gráðu í skapandi greinum

Framsækni og fegurð: Aðdráttarafl íslenskra þjónustu framleiðslufyrirtækja fyrir erlend kvikmyndaframleiðslufyrirtæki

Leiðbeinandi: Andrea Guðmundsdóttir

Höfundur: Monika Rögnvaldsdóttir

© 2023 Monika Rögnvaldsdóttir

Ritgerð þessa má hvorki afrita né nýta á einn eða annan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

Útdráttur

Ritgerð þessi fjallar um samvinnu erlendra kvikmynda framleiðslufyrirtækja og íslenskra þjónustu framleiðslufyrirtækja. Með því að spyrja sig að því hvaða þróun innan íslenska þjónustu framleiðsluiðnaðarins hefur ýtt undir aukna framleiðslu á erlendu kvikmynda- og sjónvarpsþáttaefni á Íslandi. Rýnt var í þá eiginleika sem Ísland hefur upp á að bjóða sem tókustaður, helstu kosti og ógnir sem stafa að þjónustu framleiðslu kvikmyndaiðnaðarins ásamt helstu áhrifaþáttum líkt og mörkun áfangastaða (e. destination branding), hnattvæðingu (e. globalization), tengslum við íslenska ferðaiðnaðinn og fjárhagsstuðning frá íslenska ríkinu.

Notast var við eigindlega rannsóknaraðferð, þar sem tekin voru þrjú hálf opin viðtöl við íslensku þjónustu framleiðendurna Einar S. Þórðarson, Finna Jóhannsson og Rafnar Hermannson. Niðurstöður rannsóknar sýndu með skýrum hætti að erlendar kvikmyndaframleiðslur eru hvað helst að sækjast í íslenska náttúru og landslag ásamt endurgreiðslu til kvikmyndagerðar þegar þær koma til landsins og nýta sér Ísland sem tókustað og þar með þjónustu íslenskra þjónustu framleiðslufyrirtækja. Þar á eftir eru erlendar kvikmyndaframleiðslur einnig að leitast eftir reynslunni sem íslenski kvikmyndaiðnaðurinn og þjónustu framleiðsluiðnaðurinn býr að. Niðurstöður rannsóknar sýna einnig að ferðaþjónustu iðnaðurinn og þjónustu framleiðsluiðnaðurinn er farin að skarast á við hvorn annan og nauðsynlegt sé að finna lausn á slíkum árekstrum, til að samspil þessara tveggja iðnaða geti verið sjálfbært og árangursríkt.

Lykilorð ritgerðar:

Íslenski kvikmyndaiðnaðurinn, íslensk þjónustu framleiðslufyrirtæki, þjónustu framleiðsla, endurgreiðsla til kvikmyndagerðar, náttúra Íslands, íslenski ferðaþjónustuiðnaðurinn.

Abstract

This essay is about the relationship between foreign film production companies and Icelandic service production companies. The question is what developments within the Icelandic service production industry has led to an increase in foreign productions of film and TV series content in Iceland. The emphasis was to analyse what qualities Iceland has to offer as a filming location, the main pros and cons with regards to the service aspect of the film industry as well as the principal influential factors such as destination branding, globalization, the Icelandic tourist industry and local government support. The research method was qualitative, semi-structured interviews were taken with three Icelandic line producers, Einar S. Þórðarson, Finna Jóhannsson and Rafnar Hermannson. The results clearly indicated that foreign film productions seek the Icelandic nature and landscape as well as the film incentives when Iceland is specifically used as a filming location. In addition, foreign film productions look for the extensive experience that the Icelandic film industry and service production industries have. The results also show that the two industries of tourism and film service productions are overlapping one another, and this problem needs a solution whereby both industries can operate and flourish.

Key words: Icelandic film industry, Icelandic service production company, film service production, film incentives, Icelandic nature, Icelandic tourist industry.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaritgerð til B.A. prófs í skapandi greinum við Háskólann á Bifröst og jafngildir 14 ETCS einingum. Ritgerðin var unnin haustið 2023 og var unnin af Moniku Rögnvaldsdóttur Robinson undir handleiðslu Andreu Guðmundsdóttur aðjúnt og fagstjóra í Miðlun og almannatengslum. Fyrst og fremst vill höfundur þakka Andreu fyrir einstaka og fyrirmýnda leiðsögn við skrif ritgerðar, sem einkenndist af mikilli fagmennsku, skilningi og ómetanlegum stuðningi. Einnig vill höfundur nýta tækifæri til þess að þakka yfirmönnum höfundar fyrir þann skilning og þá þolinmæði sem höfundi var veitt á meðan skrifum ritgerðar og námi stóð. Án viðmælenda væri engin rannsókn, því vill höfundur þakka viðmælendum sérstaklega fyrir metnaðarfulla þátttöku sína og óendanlega hjálpsemi. Að lokum þakkar höfundur þeim Birgittu Rós Skarphéðinsdóttur og Stefni Stefánssyni fyrir þau löngu kvöld sem fóru í prófarkalestur ritgerðar.

Undirritun höfundar,

Monika Rögnvaldsdóttur

Efnisyfirlit

Útdráttur	5
Abstract	6
Formáli	7
Efnisyfirlit	8
Inngangur	10
Þróun íslenska kvikmyndaiðnaðarins	11
Ástæður fyrir aukinni þjónustu framleiðslu á Íslandi	13
Hnattvæðing	13
Aðdráttarafli Íslands	13
Mörkun áfangastaða (<i>e. destination branding</i>)	15
Stuðningur íslenskra stjórnvalda	16
Endurgreiðsla til kvikmyndagerðar	17
Kvikmyndastefna	18
Samanburður við Noreg og Nýja Sjáland	19
Noregur	19
Nýja Sjáland	21
Aðferð	23
Rannsóknaraðferð	23
Viðmælendur	24
Greining gagna	25
Réttmæti og áreiðanleiki	25
Takmarkanir og annmarkarnir	26
Niðurstöður	27
Endurgreiðslur til kvikmyndagerðar og íslensk náttúra	27
Þróun	28
Fyrirtækjum fer fjölgandi	28

Vinna á ársgrundvelli.....	28
Auknir innviðir	29
Aðlögunarhæfni	29
Samskipti.....	30
“Töff job”	31
Ábyrgð.....	32
Leggur mikið undir	32
Mikill undirbúningstími.....	32
Ferðaiðnaðurinn	33
Umræður	34
Samantekt.....	37
Heimildir	38
Viðauki.....	44
Viðauki 1.....	44
Viðauki 2.....	45

Inngangur

Árið 2022 nam heildarvelta erlendrar kvikmyndaframleiðslu héraðs rúmlega 12 milljörðum króna (*Ársskýrsla 2022 – Film in Iceland, 2023*). Með því má sjá mikilvægan þátt innan íslenska kvikmyndaiðnaðarins og þar með íslenskrar menningar og hagkerfis. Íslensk þjónustu framleiðslufyrirtæki (*e. production service companies*) sjá um framleiðslur erlendra kvikmyndaverkefna á Íslandi, helstu verkefni þeirra eru meðal annars á sviði tónlistarmyndbanda, auglýsinga, sjónvarpsþátta og kvikmynda. Þjónustu framleiðslufyrirtækjum ber að þjóna tilteknu verkefni frá öllum hliðum, sjá því til þess að verkefnið verði að veruleika og eru því eins konar milliður erlenda framleiðslufyrirtækisins og Íslands.

Fyrri rannsóknir á íslenska kvikmyndaiðnaðinum hafa að mestu leyti einblínt á íslenska kvikmyndagerð, sögulega þróun hennar og kvikmyndagerðafólk Íslands. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á þjónustu framleiðslu innan íslenska kvikmyndaiðnaðarins en þær rannsóknir sem hafa verið framkvæmdar snúa að áhrifum þjónustu framleiðslu á íslenska hagkerfið og byggjast því að mestu á tölulegum upplýsingum og meginlegri aðferðafræði (Ágúst Einarsson, 2012). Í ritgerð þessari var framkvæmd könnunarrannsókn í formi eigindlegrar rannsóknar þar sem tekin voru hálf opin viðtöl við þrjú íslenska kvikmyndaframleiðendur sem hafa sérhæft sig í þjónustu framleiðslu. Þessi rannsókn einblínir einungis á hlutverk þjónustu framleiðslu innan íslenska kvikmyndaiðnaðarins og verður leitast svara við því *hvaða þróun innan íslenskra þjónustu framleiðslufyrirtækja hefur ýtt undir aukna framleiðslu á erlendu kvikmynda- og sjónvarpsþáttaefni á Íslandi. Ásamt því hvaða áskoranir íslenski þjónustu framleiðsluiðnaðurinn stendur frammi fyrir*. Aðaláherslan er á umfangsmikil þjónustu framleiðslu verkefni sem koma til landsins og þá sérstaklega þau sem fela í sér endurgreiðslu til kvikmyndagerðar, sem dæmi má nefna kvikmyndir og sjónvarpsþætti eins og *Flags of our fathers* og *Batman begins* (Eastwood, 2006; Nolan, 2005)

Farið verður yfir helstu hlutverk þjónustu framleiðslufyrirtækja og íslenski þjónustuiðnaðurinn borin saman við þjónustu framleiðsluiðnaðinn í Noregi og Nýja Sjálandi þar sem að mikið er sótt í náttúru og landslag þessara landa líkt og í tilfelli Íslands. Ásamt því verður farið yfir þá kosti sem Ísland býr yfir sem tókustaður, til þess að gera betur grein fyrir því hvað erlendar framleiðslur eru að sækjast í og hvað þær nýta sér helst þegar þær koma til landsins til þess að framleiða efni.

Þróun íslenska kvikmyndaiðnaðarins

Mikill vöxtur og stígandi hefur verið í íslenskri kvikmyndagerð síðastliðin 20 ár. Sem stendur starfa yfir 15 þjónustu framleiðslufyrirtæki á Íslandi og eru þau misstór og sérhæfa sig á mismunandi sviðum (*Service Companies in Iceland*, e.d.). Þennan vöxt má fyrst og fremst rekja til aukins áhuga erlendra framleiðsla sem koma til Íslands til að framleiða hluta úr eða heildarverkefnið sitt á Íslandi. Mynd 1. sýnir fjölda verkefna sem hljóta endurgreiðslur til kvikmyndaverkefna á grundvelli laga nr. 43/1999 frá 2001 til 2021, en farið verður nánar út í þann þátt síðar í ritgerðinni. Þar má sjá að gríðarleg aukning í framleiðslu á íslensku kvikmyndaefni á sér stað frá og með árinu 2008, ásamt aukningu í erlendum verkefnum frá árinu 2013 (*Endurgreiðslur til kvikmyndaverkefna á grundvelli laga nr. 43/1999 frá 2001 til 2021*, 2022). Þar að auki voru um átta erlendar kvikmyndir og 11 erlendar þáttaseríur teknar upp á Íslandi árið 2022, en allt voru þetta framleiðslur á borð við Netflix, HBO, Hulu og Disney og hljóta því einnig endurgreiðslu á sömu laga forsendum (*Ársskýrsla 2022 - Film in Iceland*, 2023). Þrátt fyrir áskoranir af völdum Covid-19 heimsfaraldurs, þá nam heildarvelta erlendrar kvikmyndaframleiðslu rúmlega 12 milljörðum króna árið 2022 (*Ársskýrsla 2022 - Film in Iceland*, 2023).

	Fjöldi verkefna		Samtals
	Innlend verkefni	Erlend verkefni	
2001	0	2	2
2002	4	4	8
2003	4	2	6
2004	5	2	7
2005	8	1	9
2006	3	2	5
2007	6	1	7
2008	11	1	12
2009	15	0	15
2010	12	2	14
2011	20	4	24
2012	15	4	19
2013	22	7	29
2014	20	16	36
2015	35	12	47
2016	25	8	33
2017	29	11	40
2018	40	13	53
2019	47	10	57
2020	51	11	62
2021	57	13	70

Mynd 1- *Endurgreiðslur til kvikmyndaverkefna á grundvelli laga nr. 43/1999 frá 2001 til 2021*

Kvikmyndaiðnaður landsins hefur tekið umtalsverðum breytingum, þróast úr litlum, innanlandsiðnaði yfir í alþjóðlegan iðnað. Fyrstu kvikmyndaverk í leikstjórn íslensks

kvikmyndagerðafólks hófust í kringum árið 1950 en það leið þó nokkur tími á milli hverja verka, þar sem að flest þeirra voru fjármögnuð af erlendum aðilum og þá að mestu frá Danmörku (*Íslensk kvikmyndagerð í víðu samhengi Viðauki I*, 2021; Gunnar T. Kristófersson, e.d.). *Milli fjalls og fjöru* eftir Loft Guðmundsson sem kom út árið 1949, er jafnframt eitt fyrsta dæmið þar sem sjá mátti blikur á lofti varðandi þessa þróun. En það verk er talið vera fyrsta opinbera íslenska kvikmyndin í fullri lengd (Birgir Thor Möller, 2013). Með aukinni kunnáttu og aðgengi að erlendum sjóðum fór íslensk kvikmyndagerð að taka á sig skýrari mynd í samfélagi og menningu landsins. Í kringum 1990 fóru íslenskar kvikmyndir og þar með íslenski kvikmyndaiðnaðurinn að verða sýnilegri erlendis. Kvikmynd Friðrik Þórs Friðrikssonar, *Börn náttúrunnar* var til að mynda fyrsta íslenska kvikmyndin til að hljóta tilnefningu til Óskarsverðlauna í flokki erlendra kvikmynda árið 1991. Tilnefningin vakti athygli á Íslandi sem þjóð sem býr yfir sterkri og hæfileikaríkri kvikmyndamenningu (Birgir Thor Möller, 2013). Síðan þá hefur þróunin vaxið jafnt og þétt, ásamt þátttöku íslenskra kvikmyndaverka á erlendum kvikmyndahátíðum. Þar má nefna kvikmyndirnar *Hrútar* (e. *RAMS*) eftir Grím Hákonarson sem hlaut *Un Certain Regard* verðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Cannes árið 2015 og *Kona fer í stríð* (e. *Women at war*) eftir Benedikt Erlingsson sem kom út árið 2018 og naut mikilla vinsælda og viðurkenninga á hinum ýmsu kvikmyndahátíðum um allan heim (*Kona fer í stríð*, e.d.; *Hrútar*, e.d.). Einnig hafa íslenskar sjónvarpsþáttaraðir líkt og *Ófærð*, *Brot* og *Pabbahelgar* notið mikilla vinsælda á erlendum markaði, bæði á streymisveitum og í línulegri dagskrá erlendra miðla (*Íslensk kvikmyndagerð í víðu samhengi Viðauki I*, 2021).

Með þessari upptalningu má sjá hvernig árangur sem þessi á erlendum markaði sýnir getu og hæfileika íslenska kvikmyndaiðnararins, en á sama tíma nýttist þessi sýnileiki íslenskra kvikmyndaverka sem eins konar auglýsing og merki um Ísland sem tókustað. Með einstökum sögufrásögnum sem sýna íslenska menningu, ásamt hrífandi náttúrulandslagi og náttúrufegurð, má segja að vinsældir íslenskra kvikmynda og sjónvarpsefnis hafi stuðlað að hnattrænu aðdráttaraflí íslenskrar kvikmyndagerðar og Íslandi sem tókustað.

Ástæður fyrir aukinni þjónustu framleiðslu á Íslandi

Hnattvæðing

Með aukinni hnattvæðingu (*e. globalization*) hefur kvikmyndaframleiðsla, sem oft er kennd við Hollywood, færst í auknum mæli út fyrir landamæri Bandaríkjanna. Með hnattvæðingu er átt við þá auknu samtengingu landa, hagkerfa, menninga og samfélaga samhliða tækniframförum sem hafa átt sér stað síðast liðina áratugi (Crane, 2013). Hnattvæðingin hefur breytt kvikmyndaframleiðslu á stórfenglegan hátt. Hún hefur aukið aðgengi að ferða- og flutningaþjónustu almennings og með tækniþróun þriðju og fjórðu iðnbyltingarinnar leitt af sér þróun stafrænnar tækni og fjarsamskipta. Þar með hefur hnattvæðingin aukið alþjóðlega samframleiðslu (*e. co-production*), þar sem að fleiri en eitt fyrirtæki vinna saman að framleiðslu, sem eykur aðgengi kvikmyndaframleiðslufyrirtækja að fjölbreyttum fjárfestum (Parc, 2020).

Streymisveitur á borð við Netflix eru frábært dæmi um áhrif hnattvæðingar á kvikmyndaframleiðslu og iðnaðinn sjálfan. Þær hafa gert efni frá öllum heimshornum aðgengilegt áhorfendum hvenær sem er og hvar sem er, og skapað alþjóðlegt samstarf við framleiðslu þeirra verkefna. Streymisveitur hafa þannig stórbreytt framleiðslu, dreifileiðum og neyslu kvikmynda og sjónvarpsþátta (Crane, 2013; Parc, 2020). Þar má nefna íslensku sjónvarpsþátta seríuna *Brot* (*e. The valhalla murders*) sem var framleidd af True North en aðgengileg á streymisveitunni Netflix (*Original Content*, e.d.). Því má sjá að hnattvæðing kvikmyndaíðnaðarins hefur stuðlað meðal annars að þeirri þróun sem hefur átt sér stað á Íslandi í þjónustu framleiðslu.

Aðdráttarafl Íslands

Ísland sem tókustaður hefur ótal tækifæri og innviði upp á að bjóða þegar kemur að erlendum framleiðslum. Fyrst og fremst hafa íslenskar þjónustu framleiðslur áhrifaríka og áreiðanlega ferilskrá þar sem hægt er að vitna í stór nöfn og verkefni sem dæmi um starfsemi sína og samstarfsaðila. Þar má nefna leikstjóra á borð við Clint Eastwood sem leikstýrði bíómyndinni *Flags of our fathers* og Christopher Nolan sem leikstýrði bíómyndinn *Batman begins* (Eastwood, 2006; Nolan, 2005) en báðar þessa kvikmyndir voru teknar upp að hluta til á Íslandi og komu því íslensk þjónustu framleiðslufyrirtæki að framleiðslu þeirra. Aðrir áhrifaþættir eru til að mynda að Ísland er lítil eyja með fjölbreytt landslag og einn þjóðveg. Sem gerir það að verkum að hægt er að taka upp í grænu og gróðurríku umhverfi og á íslögðum jökli á sama

degi. Þar sem annarsstaðar í heiminum tæki jafnvel nokkra daga að ferðast á milli slíkra tókustaða. Keflavíkurflugvöllur er einnig nálægt höfuðborgarsvæðinu og helstu tókustöðum Suðurlands. Það getur ekki einungis skipt sköpum þegar að kemur að gerð tímaáætlana heldur einnig fjárhagsáætlana, þar sem færri vinnudagar samsvara oft kostnaðarminni framleiðslu (Vera Vilhjálmisdóttir og Elísabet Ö. Jóhannsdóttir, 2022). Þar að auki býr íslenski kvikmyndaiðnaðurinn að vel búnu tókuliði sem hefur lært af og aukið reynslu sína með samstarfi við erlend tókulið (Einar S. Þórðarson, munnleg heimild, 2023). Ásamt því eru erlendar framleiðslur ekki háðar því að flytja inn sinn eigin tókubúnað þar sem að íslenski iðnaðurinn býr að fullbúinni tækjaleigu fyrir kvikmyndaiðnaðinn. Þar ber einna helst að nefna Kukl Rental sem sér erlendum kvikmyndaframleiðslum fyrir öllum tækjabúnaði sem til þarf (*Kukl*, e.d.). Þá býður Rvk. Studios upp á kvikmyndaver, sem hægt er að leigja og nýta við kvikmyndagerð. Kvikmyndaverin voru formlega opnuð í apríl 2018 en forstjóri og frumkvöðull þess er Baltasar Kormákur (Elín M. Böðvarsdóttir, 2018). Stærsti styrkleiki leiki Íslands er hins vegar einfaldlega íslenska náttúran og sú fegurð og framandleiki sem hún hefur upp á að bjóða. Talið er að íslenska náttúran sé eitt helsta aðráttarafl fyrir erlendar kvikmyndaframleiðslur á Íslandi (Vera Vilhjálmisdóttir og Elísabet Ö. Jóhannsdóttir, 2022; Einar S. Þórðarson, munnleg heimild, 2023).

Einnig hafa íslenskar þjónustu framleiðslur sankað að sér stóru gagnasafni af margvíslegu myndefni af mögulegum tókustöðum, sem sýna með skýrum hætti fjölbreytni og fegurð íslenskrar náttúru. Þegar íslenskar þjónustu framleiðslur fá hugsanlegt verkefni á borð til sín er gjarnan sýnt úr gagnasafninu og síðan þegar samstarf er staðfest hefst tókustaðaleit (*e. location scouting*) með fulltrúum erlendra framleiðslufyrirtækja (Vera Vilhjálmisdóttir og Elísabet Ö. Jóhannsdóttir, 2022; Einar S. Þórðarson, munnleg heimild, 2023). Hver tókustaðaleit er háð umfangi og eðli hvers verkefnis fyrir sig. Að lokum fer af stað margþættur verkferill, þar sem sótt er um tilheyrandi leyfi, ráðið í teymi og gengið frá gistingu og flutningaþjónustu. Með þessu má sjá að ferlið við að landa slíkum verkefnum felur í sér margra mánaða undirbúning og skipulag frá því að fyrsta fyrirspurn berst til íslenskrar þjónustu framleiðslu, allt þar til að tókur á verkefninu sjálfu hefjast.

Eftir því sem íslenski þjónustu framleiðsluiðnaðurinn heldur áfram að þróast og dafna á alþjóðavettvangi, er nokkuð ljóst að Ísland sem tókustaður hefur upp á ansi margt að bjóða. Með fjölbreyttu landslagi, góðu aðgengi að tókustöðum vegna

smæðar landsins, aðgengi að kvikmyndaveri og tækjabúnaði ásamt afrekaskrá vel unninna verkefna má sjá áreiðanlega innviði íslenskrar þjónustu framleiðslufyrirtækja.

Mörkun áfangastaða (*e. destination branding*)

Kvikmyndaiðnaður er alþjóðaiðnaður og getur oft á tíðum reynst drifkraftur að aukinni ferðaþjónustupróun víðsvegar um heiminn. Með auknum vinsældum Íslands sem tókustað undanfarin ár hefur gestum til landsins farið fjölgandi (Cervova og Pavlú, 2018). Kvikmyndir og hreyfimyndefni er gott markaðstæki sem oft er notað til að fjölga gestum á tilteknum áfangastað. Slíkt efni getur skapað ímynd áfangastaðar sem sýnt er í tilteknu efni, og getur haft áhrif á áhorfenda þess (Cervova og Pavlú, 2018). Í brottfararkönnun sem lögð var fyrir erlent ferðafólk í Leifsstöð árið 2021, greindu 39% svarenda frá því að íslenskt landslag í erlendu hreyfimyndefni hefði haft áhrif á ákvörðun þeirra um að heimsækja Ísland (Oddný Þ. Óladóttir, 2022). Því má segja að íslenskar þjónustu framleiðslur stuðla ekki einungis að auknum tækifærum innan íslenska kvikmyndaiðnaðarins heldur einnig aukningu íslenskra ferðaþjónustu, en ferðaþjónustuiðnaðurinn er einn af megin útflutningi Íslands (Cervova og Pavlú, 2018; Vera Vilhjálmisdóttir og Elísabet Ö. Jóhannsdóttir, 2022)

Vörumerki Íslands sem einstakur og framandi staður til að heimsækja má gjarnan tengja við mörkun áfangastaða (*e. destination Branding*). Mörkun áfangastaða felur í sér að skapa einstakt og sannfærandi vörumerki fyrir áfangastaði með það að markmiði að laða að ferðafólk og þar með auka ferðaþjónustu áfangastaðarins. Markmiðið er því að markaðsetja áfangastaðinn sem eftirsóknarverðan, eftirminnilegan og áhugaverðan stað til að heimsækja (Hanna o.fl., 2020). Til að mynda hefur Ísland verið markaðssett með þessum hætti, þ.e.a.s. sem einstakur og framandi staður til að heimsækja.

Kvikmyndaferðamennska er ferðaþjónusta sem orsakast af því að horft er á einhvers konar myndefni, hvort sem um ræðir sjónvarpsþætti eða kvikmynd og áhugi skapast fyrir því að heimsækja tókustaði tiltekins efnis vegna aðdáenda þess (Cervova og Pavlú, 2018). Segja má að Ný Sjalendingar séu ákveðnir frumkvöðlar í þessu formi ferðaþjónustu. Ný Sjalensk ferðaþjónustusamtök nýttu sér tölur á *Hringadróttinsögu* og *Hobbitanum* í Nýja Sjalandi til að kynna landið sem áhugaverðan áfangastað fyrir erlent ferðafólk. Til marks um þetta hafa heimsóknir til Nýja Sjalands aukist um 50% síðan að þessar kvikmyndaseríur komu út (Pinchefskey, 2012). Íslenskar ferðaþjónustur hafa nú þegar tekið leiðir Nýja Sjalands sér til fyrirmyndar og komið

af stað sérhönnuðum útsýnisferðum eða vettvangsferðum þar sem tökustaðir *Game of Thrones* sjónvarpsþáttaseríunnar eru skoðaðir í fylgd farastjóra. (Vera Vilhjálmisdóttir og Elísabet Ö. Jóhannsdóttir, 2022). Uppgangur í íslenska kvikmynda- og þjónustu framleiðsluáætlunum ásamt einstöku landslagi í alþjóðlegum hreyfimyndefni, hefur ýtt undir aukningu í ferðaþjónustu. Ferðaþjónusta vegna kvikmynda og hreyfimyndefnis styður ekki aðeins kvikmyndaiðnaðinn hérlandis heldur er einnig í takt við mörkun áfangastaða (*e. destination Branding*), sem gerir Ísland að aðlaðandi, einstökum og eftirsóttum áfangastað ferðafólks.

Stuðningur íslenskra stjórnvalda

Þegar horft er aftur í tímann má greinilega sjá hvernig íslensk stjórnvöld hafa stutt við þróun íslenskrar þjónustu framleiðslu og kvikmyndaiðnaðarins. Menningar- og viðskiptaráðuneytið hefur séð um öll mál sem viðkoma kvikmyndamálum á Íslandi (*Kvikmyndastefna til ársins 2030*, 2020). Þegar svokölluð kvikmyndalög voru sett í desember árið 2001, má í fyrsta sinn sjá dæmi um opinbera laga- og stofnanaumgjörð kvikmynda sem vinnur að því að efla kvikmyndamenningu og gerð á Íslandi ásamt alþjóðasamstarfi á því sviði. Undir slíkar stofnanir falla meðal annars Kvikmyndaráð, Kvikmyndasjóður, Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndastöð Íslands (*Alþingi*, 2023b). Kvikmyndaráð Íslands er stjórnvöldum innan handar og veitir þeim ráðgjöf og tillögur um stefnur, áætlanagerðir og opinber markmið á sviðum kvikmyndamála (*Kvikmyndaráð*, e.d.). Með stofnun Kvikmyndasjóðs Íslands árið 1978 var lagður grunnur að þeirri laga- og stofnanaumgjörð sem við þekkjum í dag. Hlutverk Kvikmyndasjóðs er að veita grunnfjármögnun í formi styrkja til framleiðslu og handritsgerðar kvikmynda og sjónvarpsþátta (*Umsóknir í Kvikmyndasjóð*, e.d.). Út frá kvikmyndalögum sem sett voru árið 2001 voru Kvikmyndamiðstöð Íslands og Kvikmyndasafn Íslands (KMÍ) sett á laggirnar en Kvikmyndamiðstöð Íslands gegnir því hlutverki að efla kynningarmál, útbreiðslu og sölu á íslenskum kvikmyndum á innlendum og erlendum markaði. KMÍ sér einnig um að afla og halda utan um upplýsingar og staðreyndir íslenskra kvikmyndaiðnaðarins með því að setja þær fram á aðgengilegan hátt og þar með styðja við erlend samskipti og viðskipti á sviði kvikmyndamála (*Yfirlit yfir starfsemi okkar*, e.d.). Á meðan sér Kvikmyndasafn Íslands um að gegna þeirri lögbundnu skyldu að sjá um varðveislu, fræðslu og miðlun á flestu því sem við kemur íslenskri kvikmyndagerð (*Safnið kvikmyndasafn.is*, 2019).

Árið 1999 eða tveimur árum áður en kvikmyndalög voru sett, voru fyrstu lögum um tímabundna endurgreiðslu til kvikmyndagerðar sett á Íslandi, en Ísland var fyrsta Norðurlandþjóðin til þess að koma á slíkum lögum. Þar sem að Noregur steig sín fyrstu skref í endurgreiðslu til kvikmyndagerðar árið 2016, Finnland ári eftir, Svíþjóð árið 2021 og Danmörk hefur enn ekki komið af stað endurgreiðslu ferli til kvikmyndagerðar (*Film in Norway*, e.d.; „Production Incentives to Be Put in Place to Attract International Film Productions to Finland“, 2017; *Tax Breaks and Incentives in Denmark*, e.d.; Mitchell, 2021). Segja má að lagasetningin hafi markað ákveðin tímamót í þróun íslenskrar þjónustu framleiðslu. Meginmarkmið þeirra var að efla íslenska kvikmyndaframleiðslu og ekki síður að laða erlendar kvikmyndaframleiðslur til landsins til þess að taka upp verkefni á Íslandi (*Alþingi*, 2023a). Stuttu síðar var auglýsingaverkefnið *Film in Iceland* sett á fót, sem nú heyrir undir Íslandsstofu, og gengur verkefnið út á að auglýsa og kynna Ísland sem hagkvæman, æskilegan og spennandi tökustað (*About Film in Iceland*, e.d.). Þar sem einblínt er helst á náttúru Íslands, endurgreiðslu til kvikmyndagerðar og ferilskrá íslands sem tökustað, með því að vitna í þekktu leikstjóra sem hafa unnið á Íslandi eða þekkt verkefni sem voru tekin upp á Íslandi (*Film in Iceland*, e.d.).

Endurgreiðsla til kvikmyndagerðar

Endurgreiðsla til kvikmyndagerðar nær einungis yfir þann framleiðslukostnað sem kemur til við kvikmyndatökur myndefnis á Íslandi, en heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri samkvæmt lögum um tekjuskatt (*Alþingi*, 2023a). Ef 80% af heildarframleiðslukostnaði fellur til Íslands, reiknast þá endurgreiðsla af þeim heildarframleiðslukostnaði sem fellur til á Evrópska efnahagssvæðinu (*Alþingi*, 2023a). Endurgreiðsla sem þessi kemur því frá íslenska ríkinu með engri hámarksupphæð eða þaki. Fyrstu lögum áttu einungis að gilda til ársins 2005 og námu þau við hlutfallið 12% endurgreiðslu af framleiðslukostnaði. Með því tók Ísland sín fyrstu skref í átt að innleiðingu opinbera hvata til þess að laða að erlendar framleiðslur hingað til lands sem gerði Ísland að gildandi samkeppnisaðila samanborið við önnur Evrópulönd (*1031/151 stjórnarfrumvarp*, e.d.).

Vegna velgengni íslenskrar þjónustu framleiðslu og kvikmyndagerðar hefur hlutfallið til endurgreiðslu hækkað með árunum. Fyrst árið 2006 er það hækkaði úr 12% í 14%, síðan upp í 20% árið 2009 og svo árið 2016 upp í 25% (*Alþingi*, 2023a; *Íslensk kvikmyndagerð í víðu samhengi Viðauki I*, 2021). Eftir mikla pressu og hvata

frá íslenskum þjónustu framleiðslum, íslenska kvikmyndaiðnaðinum og menningar- og viðskiptaráðuneytinu samþykkti Alþingi, í maí árið 2022, að hækka skyldi hlutfall endurgreiðslu til kvikmyndagerðar upp í 35% með ákveðnum skilyrðum. Fyrst og fremst þarf framleiðslukostnaður myndefnis að vera að lágmarki 350 milljónir íslenskra króna. Í öðru lagi, þurfa starfsdagar tiltekins verkefnis að vera að lágmarki 30 dagar á Íslandi. Í þriðja og síðasta lagi þurfa að minnsta kosti 50 starfsfólk að koma að verkefninu. Ásamt því ber þeim að skila að lágmarki 50 starfsdögum og þurfa laun og verktakagreiðslur þeirra að vera skattlagðar á Íslandi (Alþingi, 2023a). Því má sjá að endurgreiðsla til kvikmyndagerðar er einstaklega mikilvægur efnahagslegur drifkraftur til kvikmyndagerðar og framleiðslu þar sem endurgreiðslan styður við íslenska kvikmyndaiðnaðinn, laðar að erlenda fjárfestingu og hefur á sama tíma möguleika á að efla ferðaþjónustuna, en allt þetta stuðlar að efnahagslegri velferð landsins.

Kvikmyndastefna

Ákveðin tímamót í þróun íslenskar kvikmyndagerðar, og þar með þjónustu framleiðslu á Íslandi, áttu sér stað í október árið 2020, þegar fyrsta heildstæða kvikmyndastefnan var kynnt. Bar hún nafnið *Kvikmyndastefna til ársins 2030* og var hún unnin út frá samstarfi atvinnulífs og stjórnvalda, undir forystu mennta- og menningarmálaráðherra. Fyrir þá stefnu hafði mennta- og menningarmálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félag myndagerðarmanna og Samtök kvikmyndaleikstjóra gert samkomulag til ákveðins tíma um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð (*Kvikmyndastefna til ársins 2030*, e.d.). Helstu markmið hennar voru að auðga kvikmyndamenningu með aðgerðaáætlun um sterkara sjóðakerfi sem styður við fjölbreyttari kvikmyndaverk og kynna Ísland sem vörumerki sem byggir á sagnahefð, sjálfbærri kvikmyndagerð og sem heilsárs tókustað. Stuðla átti að fjölbreyttari og metnaðarfullri kvikmyndamenntun með auknu framboði á námi í kvikmyndagerð og mynd- og miðlalæsi á öllum skólastigum. Að lokum var markmiðið að styrkja samkeppnisstöðu og bæta starfsumhverfi, þar sem að samkeppnishæft endurgreiðslukerfi var hluti af aðgerðaráætluninni (*Kvikmyndastefna til ársins 2030*, 2020). Við yfirferð á kvikmyndastefnunni til ársins 2030 má sjá öfluga stefnu með skýr markmið og aðgerðir. Þar að auki er einnig hægt að sjá að stefna sem þessi getur reynst afar mikilvæg grunnstoð í breytingum og þróun íslenskra þjónustu framleiðslu, líkt og

Þegar markmiði um hækkun endurgreiðslu til kvikmyndagerðar var náð. Er því viðhorf íslenska ríkisins til listgreina sem þessa og að hlúa að og styðja við íslenska kvikmyndagerð eitt af grundvallar atriðum þess að greinin haldi stöðugri þróun.

Samanburður við Noreg og Nýja Sjáland

Með einstöku landslagi, endurgreiðslu til kvikmyndagerðar og rótgrónum kvikmyndaiðnaði, hefur Ísland skapað sér sess sem aðlaðandi áfangastaður fyrir alþjóðlegt kvikmyndagerðarfólk. Hins vegar, til að gera sér fulla grein fyrir gangverki þjónustu framleiðsluiðnaði Íslands, er mikilvægt að bera hann saman við þjónustu framleiðsluiðnaðinn í Noregi og Nýja Sjálandi. Þessi þrjú lönd hafa til að mynda öll einstaka náttúru, fjölbreytta möguleika á tókustöðum, endurgreiðslu kerfi til kvikmyndagerðar og öflugan kvikmyndaiðnað. Þar af leiðandi búa þau yfir sérstökum eiginleikum og sérstöðum sem stuðla að velgengni þeirra við að laða að alþjóðlega kvikmyndaframleiðslur.

Noregur

Alþjóðlegur kvikmyndaiðnaður er í örum vexti, líkt og fram hefur komið. Á sama tíma hefur áhugi á Noregi sem tókustað aukist síðastliðin ár og síðan árið 2022 hefur Norska kvikmyndanefndin eða *Norwegian Film Commission* fengið reglulegar fyrirspurnir frá erlendum framleiðslum að fá að koma til Noregs og taka upp efni (*Den Nasjonale Filmkommisjonen Årsrapport, 2022*). Þróun norskrar þjónustu framleiðslu hefur verið undir áhrifum nokkurra þátta, þar á meðal stuðningi norskra stjórnvalda. Stofnanir líkt og *Norwegian Film Commission, Film in Norway* og *Norwegian Film Institute* (NFI) gegna lykilhlutverki við að veita fjárhagslega hvata og stuðning við kvikmynda- og sjónvarpsframleiðslu. Veittir eru ýmsir kvikmyndastyrkir, samframleiðslustyrkir og aðrir fjárhagslegir hvatar til að stuðla að bæði innlendri og erlendri framleiðslu í Noregi (*Grants & Funding, e.d.*). Árið 2016 var komið af stað endurgreiðslu til kvikmyndaframleiðslu, nam hún allt að 25% af framleiðslu-kostnaði, og stendur enn í dag. Ólíkt Íslandi er sú endurgreiðsla greidd úr sjóði, sem inniheldur ákveðna upphæð fyrir hvert ár (*Den Nasjonale Filmkommisjonen Årsrapport, 2022; Film in Norway, e.d.*). Það gerir það að verkum að framleiðslukostnaður á einu stöku verkefni getur hreppt meirihluta endurgreiðslu sjóðsins og þar með er lítil sem engin endurgreiðsla eftir fyrir fleiri verkefni.

Töfrandi og fjölbreytt landslag Noregs er einnig stórt aðdráttarafl, þar sem að firðir, fjöll, skógar og strandsvæði Noregs njóta sýn vel á silfurskjánum. Verður því Noregur, líkt og Ísland oft fyrir valinu sem tökustaður fyrir erlendar framleiðslur, vegna einstaks landslags. Nýta því norskar kvikmyndastofnanir fjölbreytileikann og fegurðina í landslaginu til þess að auglýsa Noreg sem tökustað (*Den Nasjonale Filmkommisjonen Årsrapport, 2022; Film in Norway, e.d.*). Við yfirferð á stefnum og markmiðum norskra kvikmyndastofnanna má sjá mikinn metnað fyrir frjórri innlendri framleiðslu á kvikmyndaefni, lagt er mikil áhersla á framtíð og þróun hennar (*Den Nasjonale Filmkommisjonen Årsrapport, 2022*). Þó lítur allt út fyrir það að á komandi árum fái þjónustu framleiðslur frekari umfjöllun í slíkum stefnum. Til að mynda settu *Norwegian Film Commission* sér það markmið fyrir árið 2022 að stuðla betur að þjónustu framleiðslu í Noregi með því að markaðssetja landið markvisst sem efnilegan tökustað, styrkja sambönd við erlenda hagsmunaaðila og setja upp skýrar stefnur og ramma í kringum norska þjónustu framleiðsluiðnaðinn (*Den Nasjonale Filmkommisjonen Årsrapport, 2022*).

Einnig kann Noregur að vera vinsæll tökustaður fyrir stórar bílaauglýsingar, þá sérstaklega rafmagnsbíla en Finnmarkssvæðið í Norður-Noregi er orðið eitt besta tilraunasvæði heims fyrir vetrar aðstæður rafbíla en svæðið býður upp á langar vegalengdir og norðurskautaloftslag („In Northern Norway’s Bitter Cold, the Durability of Electric Vehicles Is Put to the Test“, 2023). Því hafa bílaframleiðslur nýtt tækifærið að ferðast með bifreiðina til Noregs og tekið upp auglýsingu og myndefni í Noregi á sama tíma. Þar kemur kostur landfræðilegrar legu Noregs einnig við sögu, en öfugt við Ísland að þá er ferðmáti til Noregs ekki bundinn við flug, heldur er einnig hægt að nýta sér lestir og bíla til þess að ferðast til Noregs. Það getur til að mynda auðveldað flutning á búnaði og bifreiðum („Our Work“, e.d.).

Noregur sem tökustaður hefur upp á margt að bjóða, einstaka náttúru, jökla, fjöll og firði, margt í líkingu við Ísland. Þar sem að Noregur bregður hvað mest frá Íslandi er uppbygging endurgreiðslu kerfisins og grunnstoðir kvikmyndaiðnaðarins en segja má að innlengi kvikmyndaiðnaðarinn sé mun lengra komin heldur en þjónustu iðnaðarinn. Á Íslandi er það heldur öfugt, að þjónustu framleiðsluiðnaðarinn er komin lengra og sá innlengi aðeins styttra (Finni Jóhannson, munnleg heimild, 20. október 2023). Að því sögðu hefur mikill vöxtur og þróun átt sér stað í norska þjónustu framleiðsluiðnaðinum síðast liðin ár, með tilkomu endurgreiðslu kerfis til kvikmyndaframleiðslu ásamt aukinna tækifæra og verkefna, gæti það því ekki liðið á

langt þar til að þjónustu framleiðsluiðnaðurinn nær þeim innlenda í Noregi. Er það mat höfundar að ef endurgreiðslu kerfi Noregs til kvikmynda framleiðslu yrði breytt úr sjóða kerfi yfir í hefðbundið endurgreiðslu kerfi líkt og á Íslandi, myndi bæði innlendi og þjónustu framleiðsluiðnaðurinn dafna enn betur. Þar sem dregið yrði úr samkeppni verkefna til þess að nýta sér fjármagn endurgreiðslu kerfisins.

Nýja Sjáland

Líkt og fram hefur komið hefur Nýja Sjáland notið mikilla vinsælda sem tökustaður, þá sérstaklega eftir alla þá athygli og umfjöllun sem myndaðist í kringum tökurnar á *Hringadróttinssögu* og *Hobbitanum* (Pinchefskey, 2012). Nýja Sjáland sem tökustaður býður upp á einstaka náttúru og landslag, þar á meðal snjóþakin fjöll, eldfjöll, jökla, strendur, skóga, vötn og ár, líkt og í Noregi og á Íslandi. Auk þess hefur Nýja Sjáland einnig stórborgir og smábæi („New Zealand“, e.d.). Fjölbreytileikinn er því mikill og er það eitt af því helsta sem nýsjálenskar kvikmyndastofnanir og þjónustu framleiðslur eins og *New Zealand Film Commission, Film construction og Production Service Network – New Zealand* auglýsa og einblína hvað mest á (*Filming in New Zealand*, e.d.; „New Zealand“, e.d.; *Production Services Overview*, e.d.). Líkt og Ísland er Nýja Sjáland lítið land og því fylgir sá kostur að hægt er að taka upp í fjölbreyttu landslagi á stuttum tíma þar sem stuttar vegalendir eru á milli fjölbreyttra tökustaða. Nýja Sjáland hefur nýtt sér þá staðreynd við auglýsingu á landinu sem tökustað (*Filming in New Zealand*, e.d.).

Endurgreiðslukerfi Nýja Sjálands til kvikmyndagerðar er ólíkt endurgreiðslukerfi Íslands. Endurgreiðsluferlið ber nafnið *The New Zealand Screen Production Rebate* en upphaflega var stuðningur nýsjálenska ríkisins í formi styrkja og sjóða. Var það þann 1. apríl 2014 að þjónustu framleiðslu hvatakerfið var fyrst kynnt í formi endurgreiðsla, eins og við þekkjum það hérlendis. Þann 1. nóvember 2023 tók svo í gildi uppfært endurgreiðsluferli, þar sem að framleiðsla á mynd og hreyfimyndefni getur hlotið 20% endurgreiðslu af framleiðslukostnaði verkefnis. Ásamt því er einnig hægt að sækja um endurgreiðslu til eftirvinnslu (*e. post, digital and visual effects*) myndefnis með 20% endurgreiðsluhlutfalli. Báðar þessar endurgreiðslur miðast út frá ákveðnum kröfum um lágmarks framleiðslukostnað. Til að mynda þarf framleiðslukostnaður á bíómynd í fullri lengd, að vera að lágmarki 15 milljónir NZD, framleiðslukostnaður við sjónvarpsþætti eða myndefni sem er ekki í fullri lengd þarf að vera að lágmarki 4 milljónir NZD og að lokum þarf lágmarks

kostnaður við eftirvinnslu að ná 240.000 NZD til þessa að hljóta endurgreiðslu. Þar að auki er hægt að sækja um auka 5% endurgreiðslu ef nægileg rök eru gefin, eftir að fyrri endurgreiðslur eru veittar eða ef heildar framleiðslukostnaður myndefnis er meira en 50 milljónir NZD (*New Zealand Screen Production Rebate; Criteria for International Productions.*, 2023). Líkt og gefið hefur verið til kynna stendur Nýja Sjáland afar framarlega í eftirvinnslu fyrirtækjum og fagfólki á þeim sviðum kvikmyndagerðar, sem gerir það að verkum að hægt er að framleiða, taka upp og vinna myndefnið allt á sama landinu með traustum og faglegum hætti (*People and Infrastructure*, e.d.). Athyglisvert er að sjá hve vel að sér komið Nýja Sjáland er þegar kemur að þáttum eins og háþrúðum eftirvinnslu fyrirtækjum og fagfólki sínu innan kvikmyndaiðnaðarins. Þessi framsýna nálgun undirstrikar þá skuldbindingu Nýja Sjálands að bjóða upp á alhliða kvikmyndagerðarupplifun og þar með marka landið sem áfangastað alþjóðlegrar kvikmyndaframleiðslu. Í samanburði við Ísland að þá á íslenski þjónustu framleiðsluiðnaðurinn eftir að nýta sé betur þá innviði og þau tækifæri íslenska kvikmyndaiðnaðarins í eftirvinnslu og brellugerð líkt og Nýja Sjáland hefur gert. Þó er vert að taka fram að Ísland býr yfir hæfileikaríkum einstaklingum og fyrirtækjum á þeim sviðum en ef lögð væri meiri áhersla og framsækni í þann hluta iðnaðarins gæti Ísland boðið upp á stærri og meiri alhliða kvikmyndagerðarupplifun líkt og Nýja Sjáland hefur unnið markvisst að.

Ísland, Noregur og Nýja Sjáland deila aðdráttarafli fyrir alþjóðlegt kvikmyndagerðarfólk vegna fallegrar og einstakrar náttúru og landslags þeirra. Þessi náttúrufegurð er lykilþáttur í að fá erlenda kvikmyndaframleiðslu til þess að nýta sér þessi lönd sem tökustaði. Að auki bjóða allar þrjár þjóðirnar uppá endurgreiðslukerfi sem enn fremur hvetur til frekari viðskipta. Þó svo að uppbygging og möguleikar þeirra séu mismunandi reynist slíkur fjárhagsstuðningur einnig vera lykilatriði í að stuðla að þróun þjónustu framleiðsluiðnaðar þessa landa. Hægt er að færa rök fyrir því að Nýja Sjáland sé komið hvað lengst á veg í þróun þjónustu framleiðsluiðnaðar síns, þar sem að nýsjálenski þjónustu framleiðsluiðnaðurinn hefur langa og fjölbreytta reynslu á mörgum sviðum kvikmyndagerðar. Aftur á móti stuðla allir ofangreindir þættir að aðdráttarafli Íslands sem tökustað fyrir erlend kvikmyndaframleiðslufyrirtæki, en reynist það vera í samræmi við skoðanir og upplifanir viðmælenda?

Aðferð

Rannsóknaraðferð

Nálgun fyrri rannsókna á íslenskum þjónustu framleiðslum hafa að mestu leyti verið byggðar á nýtingu meginlegra ganga, oft með það meginmarkmið að leggja mat á efnahagsframlag þeirra til íslensks atvinnulífs og ferðaþjónustu (Ágúst Einarsson, 2012; Vera Vilhjálmisdóttir og Elísabet Ö. Jóhannsdóttir, 2022). Hins vegar var megin markmið þessarar rannsóknar að fá betri og skýrari innsýn í íslenska þjónustu framleiðsluina. Með því var ákveðið að notast við eiginlega rannsóknaraðferð en að vitund höfundar hafa slíkar rannsóknir ekki verið gerðar hér á landi á íslenskum þjónustu framleiðslum. Sú ákvörðun helst í hendur við það að þótt eiginlegum rannsóknaraðferðum sé sjaldan beitt til að rannsaka kvikmyndaiðnað þjóða geta slíkar aðferðir veitt mjög verðmæta og jafnvel nauðsynlega viðbótar þekkingu (Flynn og Tracy, 2016). Með því að taka viðtal og greina frásagnir viðmælenda er hægt öðlast yfirgripsmikinn skilning á margvíslegum þáttum tiltekins málefni (Bryman, 2016), þar á meðal menningarlegum, umhverfislegum og félagslegum þáttum sem stuðla að þróun íslenskra þjónustu framleiðsla. Eiginlegar rannsóknir veita þá dýpt og sveigjanleika sem þarf til að fanga þann margbreytileika rannsóknarefnisins og veita dýrmæta innsýn í undirliggjandi ástæður og orsakir. Notast var við hálf opið viðtalsform (*e. semi-structured interview*) þar sem notast var við spurningalista yfir efni eða málefni til að fjalla um, en spurningastíll er óformlegur og orðalag og röð spurninga getur verið mismunandi (Bryman, 2016). Slíkt viðtalsform er oft notað í eiginlegum rannsóknum til að safna ítarlegum upplýsingum og fá innsýn frá viðmælenda. Spurningalistarnir voru byggðir eins upp en svo mótaðir sérstaklega að hverjum og einum viðmælenda út frá sérsviði hvers og eins. Spurningar höfundar til viðmælenda snertu efni á borð við þróun íslenskrar þjónustu framleiðsluinnar, styrkleika og ógnir íslenskra þjónustu framleiðslufyrirtækja ásamt helstu aðráttarafla Íslands sem tókustaðar. Dæmi um spurningar eru *Hvað gerir góða þjónustu framleiðslu að góðri þjónustu framleiðslu?* og *Hverja telur þú helstu ástæður þess að áhugi fyrir Íslandi sem tókustað hefur aukist síðastliðin ár?* Spurningalistinn sem höfundur studdist við í viðtölum má finna í fullri lengd undir “viðauka 2”.

Viðmælendur

Tekin voru fjögur viðtöl og voru þau öll framkvæmd haustið 2023 frá 9. október til 31. október. Viðtöl Einars og Rafnars voru í formi fjarviðtala, þar sem að viðmælendur og höfundur sáust báðir í mynd í gegnum allt viðtalið. Viðtalið við Finna fór fram í eigin persónu á skrifstofu hans og tekin var upp hljóðupptaka. Enginn viðmælenda fór fram á nafnleynd og því eru nöfn þeirra birt. Notast var við tilgangsrúttak en viðmælendur voru Finni Jóhannsson, Rafnar Hermannsson og Einar Sveinn Þórðarson. Þessir viðmælendur voru valdir vegna sérþekkingar sinnar á þjónustu framleiðsluiðnaðinum á Íslandi ásamt þátttöku sinni í þróun og framsækni þjónustu framleiðslu á Ísland. Finni starfaði sem þjónustu framleiðandi hjá Saga Film í um það bil 10 ár áður en hann gerðist einn af stofnendum Truenorth árið 2003, en það er eitt stærsta þjónustu framleiðslufyrirtæki á Íslandi. Nú starfar hann sem framkvæmdastjóri Kukl Rental og handleiðir þar á meðal stærstu verkefni sem koma til Íslands hvað varðar leigu á tækjabúnaði (Finni Jóhannsson, munnleg heimild, 20. október 2023). Rafnar starfaði lengi sem framleiðandi erlendis en síðan 2003 hefur hann starfað innan íslenska kvikmyndaiðnaðarins og starfar þar enn. Rafnar sérhæfir sig nú í þjónustu framleiðslu og gerir það undir sínu eigin framleiðslufyrirtæki að nafni Frost Film en Rafnar var einnig einn af stofnendum Truenorth (Rafnar Hermannsson, munnleg heimild, 9. október 2023). Samkvæmt heimasíðu Truenorth starfar Einar sem markaðsstjóri fyrirtækisins en samhliða því starfar hann einnig sem línuframleiðandi (*e. line producer*) fyrir verkefni Truenorth.

Þessir þrír einstaklingar búa yfir víðtækri sérþekkingu og fjölbreyttri reynslu, á sviði íslenskrar þjónustu framleiðslu, sem er ómetanleg til að fá heildarsýn á það hvað erlend framleiðslufyrirtæki eru að sækjast í þegar þær nýta sér lönd eins og Ísland sem tökustað. Enn fremur, hafa allir viðmælendur gegnt lykilhlutverki í þróun íslenska iðnaðarins, og þar með hafa þeir þá innsýn og yfirsýn á þjónustu framleiðsluiðnaðarins sem getur lýst þróun, vexti og aðdráttarafla greinarinnar á Íslandi með góðu öryggi. Með því að taka einstaklingsviðtöl við þrjá þjónustu framleiðendur telur höfundur að það tryggi meiri gagnagæði þar sem að meiri tíma er varið í hvert viðtal til að byggja upp samband við hvern viðmælenda, gefa tækifæri á eftirfylgnispurningum og afhjúpa ítarlegar upplýsingar í viðtölum. Setur því þessi nálgun dýpt og gæði gagna í forgang og eykur gildi niðurstaðna rannsóknarinnar.

Greining gagna

Úrvinnsla gagna hófst með því að rita upp svör allra viðmælenda. Því næst var notast við þemagreiningu (*e. thematic analysis*) út frá þemagreiningu Braun og Clarke (2006), en aðferðafræðin beinir sjónum sérstaklega að kóðun gagna með því að kynna sér gögnin vel og finna mynstur eða þemu sem lýsa og endurspeglar innihald og einkenni þeirra (Clarke og Braun, 2013). Þessi aðferð er sérlega hagnýt við greiningu eigindlegra gagna, þar á meðal viðtala, því með henni er gert ráð fyrir ítarlegri könnun og túlkun gagna, þar sem að mynstur og innsýn viðmælenda eru afhjúpuð með skipulögðu greiningarferli (Clarke og Braun, 2013). Höfundur lagði þar á meðal áherslu á að skoða hvort að samræmi eða ósamræmi ætti sér stað milli svara hvers viðmælenda. Þar á eftir voru lykil þemu viðtalanna greind og lita kóðuð. Til að mynda ef endurgreiðsla til kvikmyndagerðar var nefnd var sú umfjöllun lituð með bláu, en ef nefnt var landslag og náttúru var sú umfjöllun merkt með grænu. Ef vafi var á túlkun svara við úrvinnslu á gögnum eða þegar höfundur vantaði nánari útskýringar á svörum, var haft samband við viðkomandi viðmælenda í formi símtals og tiltekið svar rætt nánar, tekið upp og skráð niður. Því var hægt að sjá með skýrum hætti niðurstöður rannsóknarinnar og því næst hafist handa við skrif á niðurstöðukafla rannsóknar. Er því var lokið fengu allir viðmælendur tækifæri á að lesa yfir niðurstöður rannsóknarinnar, til þess að tryggja að farið væri með rétt mál og enginn misskilningur eða mistúlkun svara hafði átt sér stað. Örfáar leiðréttingar áttu sér stað en ekki var um neina mistúlkun að ræða heldur vildu tveir viðmælendur sem nýttu tækifærið til þess að bæta sitt eigið orðalag til þess að skerpa betur á niðurstöðum.

Réttmæti og áreiðanleiki

Rannsóknargögn ritgerðar eru bundin við viðmælendaúrtak hennar, því er ekki hægt að alhæfa um niðurstöður rannsóknarinnar. Einnig eru niðurstöður byggðar á upplifunum, reynslu og tilfinningum viðmælenda (Bryman, 2016), en viðmælendur voru sérstaklega valdir fyrir sérþekkingu sína og reynslu á þjónustu kvikmyndaframleiðslum, og þar á meðal þátttöku þeirra í þróun og mótun íslenska þjónustu framleiðsluinaðarins. Þar að auki hafa viðmælendur á einn eða annan hátt komið að flestum stórum þjónustu framleiðsluverkefnum sem komið hafa til landsins síðastliðin 20 eða svo ár (*Einar Sveinn Þórðarson - Producer, Location Management, e.d.; Finni Johannsson - Production Manager, e.d.; Rafnar Hermannsson - Production Manager, e.d.*). Þar sem að höfundur lagði mikið upp úr því að vanda val á

viðmælendum telur höfundur að niðurstöður rannsóknarinnar gefi góða, yfirgripsmikla og djúpa hugmynd af því sem leitast var við í upphafi rannsóknarinnar. Vert er að taka fram að til þess að uppfylla nákvæmari niðurstöður með nákvæmari alhæfingargildi þyrfti höfundur að taka mun fleiri viðtöl við starfandi og fyrrum starfandi íslenska þjónustu framleiðendur. Líkt og fram hefur komið var viðmælendum gefið tækifæri á að bæta við eða lagfæra svör sín eftir úrvinnslu gagna. Með dýpri svörum við spurningum og eftirfylgni er hægt að færa rök fyrir því að sjónarhornum viðmælanda hafi verið gefið aukið réttmæti.

Takmarkanir og annmarkarnir

Helstu takmarkanir rannsóknar eru, eins og fram hefur komið, að ekki er hægt að alhæfa um niðurstöður rannsóknar þar sem að viðmælendur voru aðeins þrír. Ásamt því voru einungis karlkyns viðmælendur, þó er vert að taka fram að íslenski kvikmyndaiðnaðurinn er oft talinn karllægur iðnaður (*Konur í kvikmyndagerð*, e.d.; *UM WIFT*, e.d.). Helstu gagnrýni eigindlegrar rannsóknar aðferðar eru hlutdrægni og leiðandi spurningar sem kunna að kalla fram eftirsótt svör rannsakanda (Bryman, 2016). Með það í huga, lagði höfundur mikið upp úr því að leyfa viðmælendum að stjórna flæði viðtalana svo hægt væri eftir bestu getu að koma í veg fyrir leiðandi niðurstöður rannsóknar.

Niðurstöður

Hér verða niðurstöður þessarar eiginlegrar rannsóknar greindar en sex megin þemu voru afgerandi við greiningu gagna. Þau eru *endurgreiðsla til kvikmyndagerðar, íslensk náttúra, reynsla, samskipti, “töff job” og ferðaiðnaðurinn*. Farið verður yfir hvert þema fyrir sig.

Endurgreiðslur til kvikmyndagerðar og íslensk náttúra

Niðurstöður rannsóknar sýna með skýrum hætti þar sem að allir viðmælendur voru sammála um að stærstu aðráttaröfl erlendra framleiðsla til Íslands er endurgreiðsla til kvikmyndagerðar og náttúra Íslands. Þar á eftir er það reynslan sem að íslenski þjónustu framleiðslu- og ferðaiðnaðurinn hefur upp á að bjóða.

Allir viðmælendur nefna hve mikilvægur stuðningurinn frá íslenska ríkinu sé fyrir þennan hluta iðnaðarins, þar á meðal er endurgreiðslan einstaklega mikilvægur liður í því að landa verkefnum til Íslands.

“...þessi aukning í 35% er ástæðan fyrir því að True Detective og samstarfið við HBO átti sér stað” (Einar S. Þórðarson).

“ Þeir [erlendir framleiðendur] spyrja jafnvel áður en þeir spyrja hvort við séum með jökla eða svartar strandir, hvað endurgreiðslan sé mikil. Það er oft fyrsta spurningin.

Já ókei hún er svona, já er hægt að gera norðurlólinn á Íslandi?”

(Rafnar Hermannsson,).

Einnig nefna bæði Finni og Einar mikilvægi stofnanna eins og Film in Iceland og Kvikmyndamiðstöð Íslands ásamt þjónustu framleiðslufyrirtækjunnar sjálfum sem markvisst kynna Ísland sem tilvalinn tókustað erlendis. Þar sem að það fer heilmikil vinna í það bara að fá erlendar framleiðslur til þess að staðfesta komu sína til Íslands og nýta sér Ísland sem tókustað. Niðurstöður rannsókna styðja því við ályktanir höfundar í fræðikafla um mikilvægi stuðnings ríkisins við skapandi greinar sem þessar.

Líkt og fram hefur komið hefur endurgreiðsla til kvikmyndagerðar haft mikil áhrif á stærri framleiðslur sem koma til landsins, en þó vegur náttúran og landslagið einnig ansi mikið, þar sem að verið er leitast eftir einstöku umhverfi og landslagi.

“Ég held að það sé bara númer 1,2,3, að þau [erlendar framleiðslur] séu að sækjast í landslagið eða náttúruna... þessar myndir og þessar auglýsingar eru að koma því þau eru að leita eftir einhverju ákveðnu landslagi. Þetta á að vera á Mars eða Tunglinu, eða á Suðurskautinu eða Norðurpólnum eða svörtum sandi. Allt eitthvað sem er einstakt við Ísland ” (Rafnar Hermannsson).

“Tökustaðir og náttúran og landslagið eru eitt, endurgreiðsla er annað. Svo samspil þessa tveggja þátta er náttúrulega stærsti hlutinn í ákvörðunartökunni. Oftar en ekki myndi ég halda að endurgreiðslan væri stærri en það á kannski ekki við alltaf. Því oft eru þau að leita að mjög sérstöku eða einstöku landslagi. Svo það er samspil þessa tveggja þátta sem hafa aukið og fjölgað þessum verkefnum til landsins ” (Finni Jóhannsson).

Þróun

Fyrirtækjum fer fjölgandi

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að mikil þróun hefur átt sér stað í þjónustu framleiðslu og kvikmyndaiðnaðinum á Íslandi í gegnum tíðina. Finni greindi frá því að til að byrja með var einungis eitt fyrirtæki sem starfaði sem þjónustu framleiðslufyrirtæki, Saga Film, en úr því bættist svo framleiðslufyrirtækið Pegasus. Þegar Truenorth var stofnað árið 2003 fór þjónustu framleiðslunum hægt og bítandi að fjölga. Finni nefnir einnig að flest öll hans kynslóð sem komið hefur að þjónustu framleiðslu á Íslandi, hafi á einhverjum tímamarki unnið hjá Saga film.

Vinna á ársgrundvelli

Þegar spurt var út í hvata til þess að leiða þessa þróun þjónustu framleiðslu áfram sýna niðurstöður rannsóknarinnar að mikill hvati hafi verið til þess að sækja þessi stóru erlendu verkefni. Því stærri og lengri verkefni því betri, því þar með var hægt að bjóða fólki upp á meiri vinnu yfir lengri tíma. Þar sem að hér áður fyrr var kvikmyndagerð sem slík ekki eins stöðug iðngrein og hún er í dag. Það að fá fleiri erlend verkefni til landsins stuðlar að sjálfbærari kvikmyndaiðnaði í heildina þar sem að bæði innlendu og erlendu hlutar kvikmynda framleiðsluiðnaðarins styðja hvort annað.

“Að þetta [kvikmynda framleiðsla] er orðin vinna sem að fólk getur unnið í á ársgrundvelli, sem var kannski ekki alltaf hægt hérna áður fyrr, þá voru þetta meira bara tarnir... Skilurðu eins og flest allt tókuliðið í dag, það bara hoppar úr einu í annað. Þetta var náttúrulega miklu minna, það gátu liðið þrír mánuður á milli verkefna. Það hefur breyst mjög mikið núna” (Finni Jóhannsson).

Með slíkri þróun fjölgar verkefnum sem leiða af sér fleiri tækifæri og með því nær þjónustu framleiðsluiðnaðurinn og innviðir hans að safna að sér góðri reynslu og kunnáttu sem kemur sér vel þegar laða á að enn fleiri erlend verkefni.

“Það er náttúrulega bara uppsöfnuð mikil reynsla á Íslandi, því að þetta er búið að vera í gangi svolítið lengi... Þannig að það er þekking fyrir þessu [þjónustu framleiðslu] svona sérstaklega innan nokkurra fyrirtækja sem að sérhæfa sig í þessu” (Rafnar Hermannsson).

“Með fleiri verkefnum og reynslunni og þá kom traustið og með því varð alltaf auðveldara og auðveldara að fá verkefni til Íslands” (Finni Jóhannsson).

Auknir innviðir

Ásamt því sem hefur komið fram hér á undan leggja viðmælendur áherslu á að áður fyrr var flest allt tókulið og innviðir kvikmyndaiðnaðarins flutt inn til landsins ásamt tækjabúnaði. Með reynslunni styrktust allir þessir þættir og til að mynda þarf ekki að flytja inn tókulið eða búnað líkt og áður fyrr. Nú geta þjónustu framleiðslur nýtt sér íslenskt kvikmyndagerðafólk og ráðið það til vinnu og leigt búnað af íslenskum tækjaleigum.

“Nú er alltaf minna og minna um það að erlend tókulið séu flutt inn og við erum farin að taka stærsta partinn af þessum ferlum sem þarf að vinna. Það kom með tímanum og traustinu” (Finni Jóhannsson).

Aðlögunarhæfni

Niðurstöður sýndu að við þróun þjónustu framleiðslu á Íslandi höfðu viðmælendur ekki upplifað menningarárækstra á íslenskum framleiðslum og þeim erlendu. Viðmælendur greindu frekar frá því hve nýr og móttækilegur íslenski iðnaðurinn var á

þeim tíma sem fyrstu verkefni voru að koma til landsins. Þar af leiðandi var mikill vilji til þess að læra sem mest af þeim erlendu og aðlaga þeirra ferla að íslenskum aðstæðum. Þar sem að íslenski iðnaðurinn var ekki með fasta ferla eða vinnubrögð voru til að mynda íslensk tókulið einstaklega opin og tilbúin að aðlaga sig að hverjum og einum þjónustuaðila. Eru það slíkar reynslur sem hafa reynst þróun þjónustu framleiðsla ómetanleg.

“ég myndi frekar segja að þetta snúist frekar um það hversu aðlögunarhæf íslensk tókulið eru frekar en það voru einhverjir menningar árekstrar” (Finni Jóhannsson).

“kannski er það þetta viðhorf sem að við Íslendingar höfum: þetta reddast”
(Rafnar Hermannsson).

Samskipti

Allir viðmælendur nefna hve mikilvæg góð samskipti við samstarfsfólks erlendis sem innanlands eru þegar að kemur að þjónustu framleiðslu ásamt því hvað mannauðurinn skiptir miklu máli í slíkri starfsgrein.

“Mannauðurinn er númer eitt og tvö. Skiptir öllu hvaða fólk er í framlínunni fyrir hönd þíns og fyrirtæki þíns. Því þurfa samskipti að vera skýr og fagleg og skilvirk”
(Einar S. Þórðarson).

Talað var um mikilvægi menningarlæsis og tilfinningagreindar til að mæta væntingum erlendra kvikmyndaframleiðsla og annars samstarfsfólks, svo hægt væri að skila af sér góðri reynslu af samstarfi ásamt góðir afurð.

“[Þjónustu framleiðsla} Snýst að mestu um samskipti. Fólk kemur náttúrulega úr misjöfnum áttum, það er misjafn kúltúr í misjöfnum löndum... Maður þarf svolítið að lesa í fólkið og hvað það er að sækjast eftir og hvað það er að meina og svona”
(Rafnar Hermannsson).

“Góð tilfinningagreind er mikilvæg, því þetta snýst allt um samskipti, þú þarft að vera góður að lesa í fólk og aðstæður. Þú þarft að vita hvernig þú átt að koma að samskiptum hjá öllum mismunandi persónum sem þú vinnur með og til þess þarftu góða tilfinningagreind” (Finni Jóhannsson).

Einnig var talað um mikilvægi sveigjanleika, þar sem að verkefni og kröfur erlendra kvikmyndaframleiðslu getur reynst ólík, þó svo í grunninn sé alltaf verið að búa til kvikmyndaefni þá þarf sveigjanleika og opin hug til þess að mæta þeim öllum á sinn hátt.

“Góð þjónusta framleiðsla er samspil af góðu fólki, skipulagi, góðri tilfinningagreind og verksviti stjórnenda. Því öll þessi verkefni eru í eðli sínu svo fljótandi, þú þarft ramman sem má ekki fara út fyrir, en á sama tíma þarftu að geta brugðist við óvæntum aðstæðum og þá þarftu að geta farið úr rammanum og þar með hugsa út fyrir boxið” (Finni Jóhannsson).

Finni greinir sérstaklega frá því að góð tilfinningagreind komi sér einstaklega vel í starfi þjónustu framleiðanda þar sem að unnið er náið með fjölda af fjölbreyttu samstarfsfólki og oftast en ekki í flóknum aðstæðum. Til dæmis er unnið 12 tíma vinnudaga, oft á tíðum er farið fram á næturtökur, ef um afskekktu tökustaði er að ræða fer starfsfólk ekki heim í lok vinnudags eða um helgar og svo framvegis. En allt eru þetta aðstæður sem geta kallað fram allskyns uppákomur og lausnamiðaðann hugsunarhátt.

“Töff job”

Líkt og gefið hefur verið til kynna að þá getur starf þjónustu framleiðanda reynst flókið og strembið. Finni og Rafnar komu báðir inn á það að starf þjónustu framleiðanda getur reynst erfitt og er ef til vill ekki fyrir alla. Rafnar nefnir að vinnutíminn sé afar óhefðbundinn, eða með hans orðum “crazy hours” (Rafnar Hermannsson, munnleg heimild, 9. október 2023). Ekki er unnið eftir hefðbundnum vinnutíma heldur er einfaldlega unnið út frá þörfum hvers og eins verkefnis, og á tökutímabili er hreinlega unnið þar til tökum líkur. Einnig lýsir Rafnar því hve mikill tími fer í undirbúningsvinnu og fjöldann allan af starfsfólki sem þarf til, þegar unnið er að stærri verkefnum, óháð því hve löng lokaafurðin verður.

“Mörgum utanaðkomandi finnst örugglega alveg fjaránlegt að í þessum bíó verkefnum hvað það getur farið langur tími í að undirbúa og vinna í einhverri senu sem kannski sést í einhverjar tvær mínútur í bíómyndinni. Það getur verið margra mánaða vinna fyrir fullt af fólki. Það eru kannski 200-300 manns að vinna að henni en svo er hún kannski innan við 2 mínútur í bíómyndinni sjálfri” (Rafnar Hermannsson).

Ábyrgð

Finni bendir á að margir gera sér ekki grein fyrir ábyrgðinni sem fylgir því að framleiða stór verkefni, ábyrgðin er fjölpætt líkt og verkefnið sjálft og því fylgir mikil spenna.

“Það eru kannski ekki margir sem gera sér grein fyrir því hvað þetta er erfitt, þetta er mjög töff job. Þetta hentar ekki öllum, þetta er mjög spennuþrungið verksvið... Þú þarft að vera ákveðin týpa til þess að þræða þig í gegnum þetta” (Finni Jóhannsson).

Leggur mikið undir

Þessi spenna sem viðmælendur nefna skýrist af því að burtséð frá stærð verkefnanna og fjölda starfsfólks við tökur þá liggi margt undir fyrir þjónustu framleiðslufyrirtækin sjálf og orðspor Íslands sem tókustað.

“Þú berð í raun ekki bara ábyrgð á þessu 300 eða 500 manna tókuliði heldur, berðu líka ábyrgð á að skila af þér ákveðni afurð til kúnna og því orðspor fyrirtækisins undir og orðspor Íslands sem tókustaðar” (Finni Jóhannsson).

Mikill undirbúningstími

Líkt og fram hefur komið fer mikill tími í undirbúningsvinnu slíkra verkefna. Getu því liðið margir mánuðir frá því að fyrsta fyrirspurn á sér stað þar til að erlenda framleiðslan mætir til landsins til þess að hefja tök. Því má sjá að starf þjónustu framleiðanda krefst mikillar ábyrgðar og framsækni.

“Svo er líka ábyrgðin á að koma þessum verkefnum til landsins, að landa þeim skilurðu, ég var kannski allan daginn, vikur og mánuði að vinna að því að fá svona verkefni til landsins, svo þetta gæti orðið að veruleika” (Finni Jóhannsson).

Ferðaiðnaðurinn

Niðurstöður rannsóknar benda til þess að ein helsta ógn sem stafar að þjónustu framleiðsluiðnaðinum á Íslandi sé ferðþjónustuiðnaðurinn, sem nýtur að mörgu leyti sömu vinsælda og ástæður komu erlendra framleiðsla til landsins. Helstu ógnirnar eru einfaldlega þær að auknar vinsældir íslenskrar náttúru og landslags gerir þjónustu framleiðslum erfitt fyrir að taka upp myndefni þegar tiltekin tókustaður er fullur af ferðafólki. Þar að auki eru gistingar og annað þess háttar uppþokað á háanna tímum ferðþjónustu svo í raun er ekki hægt að fá stór verkefni til landsins á háanna tíma ferðþjónustu.

“Það er orðið erfiðara að mynda víða núna. Við stuðlum að meiri ferðþjónustu með okkar iðnaði, sem er auðvitað frábært en á sama tíma gerir það oft aðstæður erfiðari fyrir okkur til að mynda” (Einar S. Þórðarson).

“Við erum að bíta í skottið á okkur, því túrisminn er þínu að bíta okkur í rassinn. Því svona yfir há season eigum við í erfiðleikum í að þjónusta verkefni. Því við komust ekki í hótél, við komumst ekki í bílaleigu bíla og varla að við komumst í flug. Svo að fara að ferðast með 400 manna tókulið um hálendi Íslands, þú veist í júlí, það gengur ekkert upp í dag” (Finni Jóhannsson).

Niðurstöður rannsóknarinnar styðja við þær röksemdir höfundar í fræðilegum bakgrunni að þjónustu framleiðslur og íslenski kvikmyndaiðnaðurinn styður og helst í hendur við ferðþjónustuiðnaðinn. Með aukningu í þjónustu framleiðslu hefur aukning í ferðþjónustu átt sér stað samhliða (Oddný Þ. Óladóttir, 2022; Vera Vilhjálmisdóttir og Elísabet Ó. Jóhannsdóttir, 2022). Fyrir aðeins um tíu árum síðan voru möguleikar þjónustu framleiðslu meiri en þeir eru í dag, af völdum aukinnar ferðþjónustu og áhuga á Íslandi sem áfangastað.

“Ég er ekkert viss um að við fáum að loka Dettifossi [í dag], eins og við fengum að gera fyrir [kvikmyndina] Oblivion. Það eru náttúrulega nokkuð mörg ár síðan, það var 2012. Þá fengum við bara að loka Dettifossi í viku fyrir öllum túristum yfir sumarmánuð, það myndi ekkert ganga í dag” (Finni Jóhannsson).

Að þessu sögðu voru allir viðmælendur sammála um að ferðaiðnaðurinn gefi Íslandi afar mikið og þessar tvær greinar hjálpa hvor annari. Nauðsynlegt er að finna út úr árekstrum þessara tveggja iðnaða og sjá til þess að samspil eigi sér stað.

“Það er ákveðið samspil sem þarf að finna út úr fyrir framtíðina. Hvernig þetta (þjónustu framleiðsluiðnaðurinn og ferðaþjónustuiðnaðurinn) á að virka saman því það gæti verið að það sé að virka á móti hvort öðru og það viljum við auðvitað alls ekki” (Finni Jóhannsson).

Umræður

Meginmarkmið rannsóknar var að fá innsýn inn í íslenska þjónustu framleiðsluiðnaðinn og komast að því hvaða þróun innan íslenska þjónustu framleiðsluiðnaðarins hefur ýtt undir aukna framleiðslu á erlendu kvikmynda- og sjónvarpsþáttaefni á Íslandi. Ísland sem tókustaður hefur margt einstakt upp á að bjóða og þar má helst nefna íslenska náttúru. Út frá svörum viðmælenda má draga þá ályktun að náttúra og landslag Íslands sé helsta aðráttarafl erlendra framleiðsla að koma til landsins, en það sem að úrskurðar komu erlendra framleiðslu sé endurgreiðsla til kvikmyndagerðar. Þar á eftir er það reynsla og innviðir íslenskra þjónustu framleiðslufyrirtækja og kvikmyndaiðnaðarins, sem erlendar framleiðslur sækjast í en þeir þættir hafa þróast mikið á undanförunum árum. Þar má nefna íslensk tókulið, tækjaleigur og þjónustu framleiðslufyrirtæki.

Merkilegt var að fá innsýn í þá þróun sem hefur átt sér stað inna íslenska þjónustu framleiðsluiðnaðarins. Geta má að íslenski þjónustu framleiðsluiðnaðurinn hefur nýtt sér þau tækifæri sem honum hafa borist með komu erlendra verkefna til landsins einstaklega vel. Með mikilli reynslusöfnun á öllum sviðum kvikmynda- og þjónustu framleiðslu, hafa íslensk þjónustu framleiðslufyrirtæki og þjónustu framleiðendur byggt upp þó nokkuð skotheldan og sjálfbæran iðnað, þar sem að aðsókn í þjónustu þeirra hefur aukist síðastliðin 20 ár. Eflaust eru ekki flest erlend verkefni sem koma til landsins af þeirri stærðagráðu að hægt sé að nýta sér endurgreiðslu til kvikmyndagerðar. Það væri því afar áhugavert að vita hve mörg erlend verkefni eru að koma til landsins á ári og af hvaða gerð þau verkefni eru. Væri því nýtsamlegt að rannsaka þróun þjónustu framleiðsluiðnaðarins og fyrirtækja á Íslandi, með því að fá meginlegar upplýsingar varðandi af hvaða gerð

kvikmyndaverkefnum eru sem koma til landsins, þá er átt við, kvikmyndir í fullri lengd, sjónvarpsþætti, tísku myndatökur, tónlistarmyndbönd og svo framvegis.

Út frá upplýsingaöflun og rannsóknarniðurstöðum þessarar rannsóknar telur höfundur að vinsældir Íslands sem tökustaðar sé á engan hátt tilviljanakenndar eða eintóm heppni. Þrátt fyrir þann ómetanlega þátt sem fegurð íslenskrar náttúru kann að hafa og áhrif mörkun áfangastaða (e. destination branding) hafa íslensk þjónustu framleiðslufyrirtæki og þjónustu framleiðendur nýtt sér aðdráttarafl íslenskrar náttúru og lagt mikla og metnaðarfulla vinnu í það að gera Ísland sem tökustað að möguleika, í takt við þróun alþjóða kvikmyndaiðnaðarins. Þar á meðal með því að mynda tengsl og gott traust innan alþjóða kvikmyndaiðnaðarins og skila af sér góðum verkefnum. Líkt og Finni sagði ”þá ertu aldrei betri en síðasta verkefnið sem þú framleiddir”.

Að fá innsýn inn í hverjar helstu áskoranirnar sem íslenski þjónustu framleiðsluiðnaðurinn stendur frammi fyrir var einnig eitt af markmiðum rannsóknar. Það vakti því mikla athygli höfundar hve mikið viðmælendur brýndu á mikilvægi góðra og skilvirka samskipta við þjónustu framleiðslu, ásamt því að mikill kostur sé að hafa góða tilfinningagreind sem þjónustu framleiðandi. Þó mikilvægi heilbrigðra og skilvirkra samskipta sé á engan hátt ný fræði við rekstur stórra sem smárra fyrirtækja eða stofnana, þá eru fyrirtæki og iðnaður sem fellur undir skapandi greinar á engan hátt undanskilin þeim fræðum. Öll störf þjónustu framleiðslufyrirtækja eru alþjóðleg verkefni og því er menningarlæsi og sveigjanleiki mikilvæg hæfni og með því að gera sér grein fyrir mikilvægi þess hafa íslensk þjónustu framleiðslufyrirtæki komið á fót efnilegum og sjálfbærum þjónustu framleiðsluiðnaði. Væri því áhugavert að gera frekari rannsóknir á íslenskum þjónustu framleiðendum og stjórnendum innan íslenska atvinnugeirans. Þar mætti lýsa megin starfi þeirra á einfaldan hátt sem verkefnastjórar margþátta verkefnis með stóran hóp starfsfólks. Auk þess átta áhorfendur sig ekki á því hversu gríðarlega mikil vinna liggur að baki hverri mínútu í framleiðslu verkefnis. Áhugavert var að engin viðmælandi er með háskólamenntun að baki sem tengist stjórnun eða fyrirtækjarekstri, heldur hafa að mestu lært af vinnumarkaðnum og safnað reynslu með þeim hætti. Það væri því hægt að færa rök fyrir því að til kvikmyndaframleiðslu þarf ekki einungis þekkingu af kvikmyndaiðnaðinum sjálfum heldur þarf víðtæka hæfni þar sem samspil samvinnu hæfs starfsfólks, skipulag, góð tilfinningagreind og verksvit stjórnenda.

Áhugavert var að öðlast þá innsýn sem viðmælendur veittu varðandi hve strembið það kann að vera að starfa innan þjónustu framleiðsluiðnaðarins og þar á

meðal að vera ábyrgur fyrir slíkri framleiðslu. Þær frásagnir viðmælenda fékk höfundur til að hugsa til þess hve skekkt birtingarmynd kvikmyndaframleiðslu kann að vera í augum almennings. Ályktun höfundar er sú að það sé ekki sérstaklega mikill glæsileiki í því, til dæmis að vera fastur upp á jökli í nokkra daga eða vikur, með yfir 300 manns að taka upp eina senu sem kann að vera undir tvær mínútur af kvikmyndinni sem unnið er að. Hvort sem ræðir aðaleikara, tökulið eða framleiðendur. Þó er vert að taka fram að höfundi er á engan hátt að gera lítið úr þeim hluta þjónustu framleiðslu heldur benda á, líkt og viðmælendur lögðu fram, að þá eru störf innan þjónustu framleiðslu ekki fyrir alla og geta reynst afar torveldur og strembinn starfsiðnaður. Því er það mat höfundar að mikilvægt sé að stuðla að öllum formum íslenskrar list- og skapandi greina, líkt og kvikmyndaiðnaðurinn, með menntun sem nýtist í starfi þeirra, menntun sem undirbýr einstaklinga fyrir erfiðar aðstæður, strembið vinnuálag og ekki síður færni til góðra og skilvirkra samskipta.

Áhrif aukningar í ferðaþjónustuiðnaðinum á þjónustu framleiðsluiðnaðinn, sem viðmælendur gáfu til kynna, þótti höfundi merkilegt. Samband þessara tveggja iðnaða kann að skarast á en á sama tíma ýta undir hvorn annan. Höfundur telur það einstaklega mikilvægt að fundin sé lausn á þessum árekstrum og að það gerist fyrr en síðar til þess að koma í veg fyrir að samkeppni myndist milli þessa tveggja mikilvægra iðnaða. Gæti það því haft neikvæðar afleiðingar í för með sér, eins og að koma í veg fyrir áframhaldandi jákvæða þróun á báðum vígstöðum. Þar sem að niðurstöður þessa rannsókna benda til að þjónustu framleiðsluiðnaðurinn og ferðaþjónustuiðnaðurinn ýta undir hvorn annan gæti það, á langtíma lítið leitt til neikvæðrar þróunar á báða iðnaði. Þar með ef horft er til fræðilegs bakgrunns ritgerðar er hægt að færa rök fyrir því að ef dvínun þessa iðnaðar á sér stað gæti það haft meiriháttar áhrif á íslenskt efnahagskerfi. Eru því efnahagslegar stoðir við íslenska kvikmyndaiðnaðinn ekki nægar ef tökurlaun geta ekki farið fram, þarf því að finna langvarandi lausn á skörun þessara iðnaða þar sem að tökurlaun geta farið fram í samráði við ferðaþjónustuiðnaðinn. Væri það því verðugt að rannsaka hvernig tökurlaun er háttáð á stórum ferðaþjónustustöðum erlendis, sem eru einnig vinsælir tökustaðir líkt og götur New York borgar eða Niagara fossarnir í Kanada þar sem að höfundur gat ekki fundið rannsóknir þess efnis. Með því væri hægt að finna hugsanlegar lausnir á skörun þessa tveggja iðnaða og aðlaga að íslenskum aðstæðum.

Samantekt

Samspil náttúru landsins og endurgreiðslu til kvikmyndagerðar reynist vera stór hvati erlendra kvikmyndaframleiðsla til þess að koma til Íslands og taka upp kvikmyndaefni. Eru það þessir þættir ásamt reynslu íslenskra þjónustu framleiðslufyrirtækja sem gera Ísland að einstökum og eftirsóttum tókustað. Tölulegar upplýsingar hagrænna áhrifa þjónustu framleiðsla sýna með skýrum hætti þá jákvæðu og hröðu þróun sem hefur átt sér stað síðastliðin 20 ár. Með sama móti sýna viðtöl rannsóknar að til slíkra jákvæðra áhrifa þarf framsækni og útsjónarsemi svo hægt sé að koma slíkum þjónustu framleiðsluverkefnum í verk og til landsins. Á bakvið þá vinnu standa fagaðilar sem læra af reynslunni, ber að hafa góða tilfinningagreind og metnað til þess að skila af sér góðri afurð. Viðmælendur veittu einnig þá innsýn að helstu áskoranir sem að íslensk þjónustu framleiðslufyrirtæki standa frammi fyrir eru meðal annars hve áhættuþrungið starfið kann að vera og hve mikilvæg góð samskipti séu til þess að draga úr þeim áhættuþáttum. Að því sögðu er stærsta áskorun þjónustu framleiðsluiðnaðarins skörun hans við ferðaþjónustuiðnaðinn. Samspil þessara tveggja atvinnugreina geta verið bæði samvinnuþýð og andverkandi hvort á annað, þar sem að áherslan liggur í nauðsyn þess að finna lausn til að forðast hugsanlegar neikvæðar afleiðingar sem að hindra viðvarandi jákvæða þróun í báðum greinum. Rannsóknin bendir til þess að þjónustu framleiðsluiðnaðurinn og ferðaþjónustuiðnaðurinn styðji hvor við annan en varar við því að skortur á lausn geti leitt til langtíma neikvæðra afleiðinga. Miðað við víðara fræðilegt samhengi má færa rök fyrir því að ef samdráttur verður í þessum atvinnugreinum gæti það haft víðtækari efnahagsleg áhrif fyrir Ísland. Því er einstaklega mikilvægt að fundin sé lausn þar sem að báðar greinar fá tækifæri til þess að blómstra og halda sinni menningarríku þróun áfram. Ásamt því að sú þróun styðji við niðurstöður rannsóknar um að báðir aðilar haldi áfram að vinna saman og stuðla að vexti hvor hjá öðrum. Því þarf að opna á þessa umræðu frá báðum hliðum og í sameiningu finna lausn og leiðir til þess að koma í veg fyrir áframhaldandi skörun. Út frá takmörkunum rannsóknar væri áhugavert að framkvæma fleiri viðtöl við fleiri íslenska þjónustu framleiðendur, þá helst af öllum kynjum, og fá enn betri innsýn og hugmyndir að lausnum á skörun við ferðaþjónustuiðnaðinn, ásamt því að fá innsýn úr ferðaþjónustuiðnaðinum.

Heimildir

43/1999: *Lög um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.*

(2023a). Alþingi. <https://www.althingi.is/lagas/152c/1999043.html>

137/2001: *Kvikmyndalög.* (2023b). Alþingi.

<https://www.althingi.is/lagas/153b/2001137.html>

1031/151 *stjórnarfrumvarp: tímabundnar endurgreiðslur til kvikmyndagerðar á*

Íslandi. (e.d.). Alþingi. Sótt 16. nóvember 2023, af

<https://www.althingi.is/altext/151/s/1031.html>

About Film in Iceland. (e.d.). Film in Iceland. <https://filminiceland.com/about/>

Ágúst Einarsson. (2012). *Hagræn áhrif kvikmyndalistar.*

Ársskýrsla 2022 - Film in Iceland. (2023). Film in Iceland.

<https://www.islandsstofa.is/arsskyrsla-2022/film-in-iceland-2022>

Birgir T. Möller. (2013). A BRIEF HISTORY OF ICELANDIC CINEMA by Birgir Thor Möller. *Kvikmyndamiðstöð Íslands.*

<https://www.kvikmyndamidstod.is/media/skjol/Icelandic-Cinema-BTM.pdf>

Cervova, L. og Pavlů, K. (2018). *FILM TOURISM AS A DESTINATION*

PROMOTION INSTRUMENT: A CASE STUDY OF ICELAND (bls. 179–192).

<https://doi.org/10.31410/tmt.2018.179>

Clarke, V. og Braun, V. (2013). *Successful Qualitative Research: A Practical Guide for Beginners.*

Crane, D. (2013). Cultural globalization and the dominance of the American film industry: cultural policies, national film industries, and transnational film.

International Journal of Cultural Policy, 365–382.

<https://doi.org/10.1080/10286632.2013.832233>

Den Nasjonale Filmkommisjonen Årsrapport. (2022). Norwegian Film Commission.

<https://cdn.sanity.io/files/g0iju4nw/production/fce393daa156592eb60c925e00d029e45aebf816.pdf>

Eastwood, C. (Leikstjóri). (2006, 20. október). *Flags of Our Fathers* [Action, Adventure, Drama]. Dreamworks Pictures, Warner Bros., Amblin Entertainment.

Einar S. Þórðarson. (2023). *Viðtal við Einar Svein Þórðarson* [Munnleg heimild]. *Einar Sveinn Þórðarson - Producer, Location Management.* (e.d.). IMDb. Sótt 28. nóvember 2023, af <https://www.imdb.com/name/nm2235939/>

Elín M. Böðvarsdóttir. (2018, 19. apríl). *Eitt stærsta kvikmyndaver í Evrópu opnað í Gufunesi - Vísir.* visir.is. <https://www.visir.is/g/20181045423d/eitt-staersta-kvikmyndaver-i-evropu-opnad-i-gufunesi>

Elísabet Ö. Jóhannsdóttir og Vera Vilhjálmsdóttir. (2022). Tökustaðir kvikmynda: Tækifæri í ferðaðþjónustu? *Ferðamálastofa.* <https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/utgafur/utgefid-efni/stefnumotun-og-skipulag/tokustadir-kvikmynda-taekifaeri-i-ferdathjonustu>

Endurgreiðslur til kvikmyndaverkefna á grundvelli laga nr. 43/1999 frá 2001 til 2021. (2022). Kvikmyndamiðstöð Íslands.

Film in Iceland. (e.d.). Film in Iceland <https://filminiceland.com/>

Film in Norway. (e.d.). Film in Norway. <https://filminnorway.com/>

Filming in New Zealand. (e.d.). New Zealand Film Commission. Sótt 23. október 2023, af <https://www.nzfilm.co.nz/international/filming-new-zealand>

Finni Jóhannson. (2023, 20. október). *Viðtal við Finni Jóhannson* [Munnleg heimild].

Finni Johannsson - Production Manage. (e.d.). Sótt 28. nóvember 2023, af

https://www.imdb.com/name/nm0433579/?ref_=nv_sr_srs_g_0_tt_2_nm_6_q_Finni%2520j%25C3%25B3

Grants & funding. (e.d.). Norwegian Film Institute. Sótt 16. nóvember 2023, af

<https://www.nfi.no/eng/grantsfunding>

Gunnar T. Kristófersson. (e.d.). *Upphaf kvikmyndaaldar á Íslandi.* Kvikmyndasafn

Íslands. <https://kvikmyndasafn.is/rannsokn/upphaf-kvikmyndaaldar-a-islandi/>

Hanna, S., Rowley, J. og Keegan, B. (2020). Place and Destination Branding: A

Review and Conceptual Mapping of the Domain. *European Management*

Review, 18. <https://doi.org/10.1111/emre.12433>

Hrútar. (e.d.). Kvikmyndavefurinn. Sótt 4. október 2023, af

<https://www.icelandicfilms.info/films/nr/1556>

In northern Norway's bitter cold, the durability of electric vehicles is put to the test.

(2023, 20. febrúar). *The Globe and Mail.*

<https://www.theglobeandmail.com/business/article-norway-electric-vehicles/>

Íslensk kvikmyndagerð í víðu samhengi Viðauki I. (2021). Stjórnaráð Íslands- Mennta

og menningarmálaráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/library/01-->

Frettatengt---myndir-og-

skrar/MRN/Kvikmyndastefna%20vi%C3%B0auki%20I%20loka%C3%BAtg

%C3%A1fa.pdf

Kona fer í stríð. (e.d.). Kvikmyndavefurinn.

<https://www.kvikmyndavefurinn.is/films/nr/1926>

Konur í kvikmyndagerð. (e.d.). Kvikmyndamiðstöð Íslands. Sótt 19. nóvember 2023,

af <https://www.kvikmyndamidstod.is/statistik/kynjamal/kik-umsoknir-styrkv/>

Kukl. (e.d.). Kukl. <https://www.kukl.is>

Kvikmyndaráð. (e.d.). Kvikmyndamiðstöð Íslands. Sótt 23. september 2023, af

<https://www.kvikmyndamidstod.is/um/kvikmyndarad/>

Kvikmyndastefna til ársins 2030. (e.d.). Kvikmyndamiðstöð Íslands.

<https://www.kvikmyndamidstod.is/um/samkomulag/>

Kvikmyndastefna til ársins 2030. (2020). Stjórnaráð Íslands- Mennta og

menningarmálaráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Kvikmyndastefna%20til%20%20c3%a1rsins%202030.pdf>

Mitchell, W. (2021, 15. september). Swedish government takes first steps towards 25% filming incentive. *Screen*. <https://www.screendaily.com/news/swedish-government-takes-first-steps-towards-25-filming-incentive/5163338.article>

New Zealand. (e.d.). *Production Service Network*.

<https://www.productionservicenetwork.com/new-zealand/>

New Zealand Screen Production Rebate; Criteria for International Productions.

(2023). New Zealand Film Commission.

[https://www.nzfilm.co.nz/sites/default/files/2023-](https://www.nzfilm.co.nz/sites/default/files/2023-10/NZSPR%20International%20Criteria%20-%201%20November%202023%20%2810-23_5%29.pdf)

[10/NZSPR%20International%20Criteria%20-](https://www.nzfilm.co.nz/sites/default/files/2023-10/NZSPR%20International%20Criteria%20-%201%20November%202023%20%2810-23_5%29.pdf)

[%201%20November%202023%20%2810-23_5%29.pdf](https://www.nzfilm.co.nz/sites/default/files/2023-10/NZSPR%20International%20Criteria%20-%201%20November%202023%20%2810-23_5%29.pdf)

New Zealand Screen Production Rebate for International Productions. (e.d.). New

Zealand Film Commission. Sótt 1. nóvember 2023, af

<https://www.nzfilm.co.nz/incentives-co-productions/nzspg-international>

Nolan, C. (Leikstjóri). (2005, 15. júní). *Batman Begins* [Action, Crime, Drama].

Warner Bros., Syncopy, DC Comics.

Original Content. (e.d.). TRUENORTH. Sótt 16. nóvember 2023, af

<https://www.truenorth.is/original-content>

Oddný Þ. Óladóttir. (2022). *Erlendir ferðamenn á Íslandi 2021: Lýðfræði,*

ferðahegðun og viðhorf. Ferðamálastofa.

[https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/utgafur/utgefifni/ferdavenjur/erlendir-ferdamenn-a-islandi-2021-lydfraedi-ferdahegðun-og-](https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/utgafur/utgefifni/ferdavenjur/erlendir-ferdamenn-a-islandi-2021-lydfraedi-ferdahegðun-og-vidhorf)

[vidhorf](https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/utgafur/utgefifni/ferdavenjur/erlendir-ferdamenn-a-islandi-2021-lydfraedi-ferdahegðun-og-vidhorf)

[vidhorf](https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/utgafur/utgefifni/ferdavenjur/erlendir-ferdamenn-a-islandi-2021-lydfraedi-ferdahegðun-og-vidhorf)

Our Work. (e.d.). *Film in Norway*. Sótt 31. október 2023, af

<https://filminnorway.com/our-work/>

Parc, J. (2020, 15. júlí). *Understanding Film Co-Production in the Era of Globalization: A Value Chain Approach*.

<https://onlinelibrary.wiley.com/doi/abs/10.1111/1758-5899.12830>

People and Infrastructure. (e.d.). New Zealand Film Commission. Sótt 3. nóvember 2023, af <https://www.nzfilm.co.nz/international/people-and-infrastructure>

Pinchefsky, C. (2012, 14. desember). *The Impact (Economic and Otherwise) of Lord of the Rings/The Hobbit on New Zealand*. Forbes.

<https://www.forbes.com/sites/carolpinchefsky/2012/12/14/the-impact-economic-and-otherwise-of-lord-of-the-ringsthe-hobbit-on-new-zealand/>

Production incentives to be put in place to attract international film productions to

Finland. (2017, 1. mars). *Turku*. https://www.turku.fi/en/news/2017-03-01_production-incentives-be-put-place-attract-international-film-productions-finland

Production Services Overview. (e.d.). Film Construction. Sótt 23. október 2023, af

<https://www.filmconstruction.com/new-zealand-production-services-overview>

Rafnar Hermannsson. (2023, 9. október). *Viðtal við Rafnar Hermannsson* [Munnleg heimild].

Rafnar Hermannsson - Production Manager. (e.d.). IMDb. Sótt 28. nóvember 2023, af <https://www.imdb.com/name/nm2570966/>

Safnið kvikmyndasafn.is. (2019, 23. júlí). Kvikmyndasafn Íslands.

<https://kvikmyndasafn.is/safnid/>

Service companies in Iceland. (e.d.). Film in Iceland. Sótt 15. september 2023, af

<https://filminiceland.com/service-companies/>

Tax Breaks and Incentives in Denmark. KFTV. (e.d.). Sótt 16. nóvember 2023, af

<https://www.kftv.com/country/denmark/guide/incentives>

UM WIFT. (e.d.). Wift. <https://wift.is/umwift/>

Umsóknir í Kvikmyndasjóð. (e.d.). Kvikmyndavefurinn. Sótt 23. september 2023, af

<https://www.kvikmyndamidstod.is/kvikmyndasjodur/umsoknir/>

Yfirlit yfir starfsemi okkar. (e.d.). Kvikmyndamiðstöð Íslands.

<https://www.kvikmyndamidstod.is/um/>

Viðauki

Viðauki 1.

Upplýsingabréf til undirritunar fyrir rannsókn

Kæri/kæra

Með bréfi þessu staðfestir þú hér með þátttöku þína í rannsókninni „ Framsækni og fegurð: Aðdráttarafli íslenskra þjónustu framleiðslufyrirtækja fyrir erlend kvikmyndaframleiðslufyrirtæki “.

Markmið þessara rannsóknar er að fá innsýn inn í íslenska þjónustu framleiðsluina með því að spyrja að því *hvaða þróun innan íslenskra þjónustu framleiðslufyrirtækja hefur ýtt undir aukna framleiðslu á erlendu kvikmynda- og sjónvarpsþáttæfni á Íslandi. Ásamt því hvaða áskoranir íslenski þjónustu framleiðsluina stendur frammi fyrir.*

Nafnleynd og trúnaðar er heitið við meðferð gagna og birtingu niðurstaðna sé þess óskað. Höfundur ber fullábyrgð á framkvæmd rannsóknar og úrvinnslu gagna.

Viðmælendum ber ekki skylda að svara öllum spurningum og hafa þeir rétt til þess að taka sér hlé á meðan upptöku stendur.

Ef eitthvað er ójóst ekki hika við að hafa samband,

Sími *****

Netfang monikar21@bifrost.is

Monika Rögnvaldsdóttir

Monika Rögnvaldsdóttir

Samþykki þátttakanda

Ég undirrituð/að/aður samþykki þátttöku rannsóknar

Undirskrift þátttakanda Staður og dagsetning

Viðauki 2

Umræðupunktur og spurningar

Getur þú sagt mér aðeins frá þér?

- Hvenær hófst þú störf sem framleiðandi?

Getu þú sagt mér hvað felst í þjónustu framleiðslu?

Hvað gerir góða þjónustu framleiðslu að góðri þjónustu framleiðslu?

Getur þú sagt mér frá þróun þjónustu framleiðslu á Íslandi?

Hverja telur þú helstu ástæður þess að áhugi fyrir Íslandi sem tókustað hefur aukist síðast liðin ár?

Hvað er það í þínum hug sem að dregur erlend verkefni til Íslands?

Hver eru helstu veikleikar/ ógnir íslenskra þjónustu framleiðsla?

Hverjir eru helstu styrkleikar íslenskra þjónustu framleiðsla?

Hve mikilvægan telur þú stuðning iðnaðarins frá stjórnvöldum?

Hvernig sérð þú fyrir þér framtíð íslenskrar þjónustu framleiðsla?

Sem þjónustu framleiðandi, hvað er eitthvað sem er hluti af starfi þínu sem flestir gera sér ekki grein fyrir?

Oft er talað um menningar árekstra í svona menningarfjölbreyttum iðnaði finnst þér það eiga við íslenska þjónustu framleiðsluiðnaðinn?

Hefur þú starfað sem þjónustu framleiðandi eitthvað í öðru landi?

- Gætir þú sagt mér frá því hver helsti munurinn var á að framleiða á Íslandi og þar?
-